

Sjálfbærni-verkefnið á Norðausturlandi

16. fundur stýrihóps

Staður: Stéttin, Húsavík

Tími: 30.01.2023 kl. 10:00-11:15

Mætt voru:

Stýrihópur og/eða fulltrúar eigenda:

Ólafur Arnar Jónsson, Landsvirkjun
Hildur Vésteinsdóttir, Landsvirkjun
Engilráð Ósk Einarsdóttir, Landsnet
Hjalti Jóhannesson, RHA

Gerður Sigtryggsdóttir, Þingeyjarsveit
Katrín Sigurjónsdóttir, Norðurþing
Ólafur Ármann Sigurðsson, PCC BakkiSilicon
Huld Hafliðadóttir, Húsavíkurstofa

Starfsmenn:

Helena Eydís Ingólfssdóttir, Þekkingarneti Þingeyinga, sem stýrði fundi og Lilja B. Rögnvaldsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Kynning á verkefni og nýjum fulltrúum í stýrihópi.

Helena setti fundinn og bað fundarmenn að kynna sig í upphafi fundar. Nýir aðilar í stýrihópi eru Huld Hafliðadóttir f.h. hagsmunaaðila í ferðaþjónustu, Gerður Sigtryggsdóttir starfandi sveitarstjóri í Þingeyjarsveit og Katrín Sigurjónsdóttir sveitarstjóri Norðurþings.

Helena kynnti verkefnið og þróun þess frá upphafi. M.a. var farið yfir aðferðafræðina, vöktunarsvæðið, ákvörðun vísa, samsetningu stýrihópsins, starfsemi síðustu ára, kynningar, notendur ofl. Núllstaða verkefnisins (upphaf) er árið 2011.

Stýrihópurinn hittist að jafnaði tvisvar ári en þetta árið verða þrjú fundir, í janúar, apríl og að hausti. Fundarstaður er breytilegur á milli funda.

2. Kynning á verkefnum ársins

Verkefnisstjóri kynnti helstu verkefni ársins. Ákveðið var að leggja hefðbundna ársfundi niður í þeirri mynd sem þeir hafa verið. Í staðinn verður tengdum aðilum boðið á vorfundi stýrihópsins (dæmi um tengda aðila er SSNE, grænir iðngarðar og RHA). Á þriggja ára fresti verður svo málþing eða ráðstefna, fyrst 2024.

3. Verkefnisáætlun 2023

Birtingaráætlun vísa var kynnt á fundinum. Vefsíðan er helsta verkfærið við birtingu þeirra. Áhersla hefur verið á söfnun fylgjenda á samfélagsmiðlum á árinu og við komumst hálf leið að markmiði ársins sem var 1.000 nýir fylgjendur á Facebook.

Líkt og fyrri ár mun verkefnisstjóri vinna að því að koma gagnasafninu í sem mesta notkun. Fyrir utan almenna markaðssókn á vefmiðlum verða gerðar tillögur að erindum að

ráðstefnum (s.s. Byggðaráðstefnan og Íslenska Þjóðfélagið) og unnið með gagnasafnið í verkefnum háskólanema til sumarstarfa hjá PP.

4. Endurskoðun vísa og tilgangur verkefnisins

Áhersla stýrihópsins næstu mánuði verður á endurskoðun vísa og naflaskoðun verkefnisins. Meta þarf hvar verkefnið er statt og hvert við ætlum með það. Jafnframt þarf að meta ávinninginn af því hingað til og hvort tekist hafi að fanga þær breytingar sem orðið hafa í tengslum við uppbyggingu og starfstíma virkjunarinnar og PCC. Eru vísarnir að fanga það sem þeim var ætlað í upphafi?

Rætt var um traust til verkefnisins. Landsvirkjun viðraði áhyggjur af því hvort fólk treysti síður gögnum sem aflað er af Landsvirkjun og greitt fyrir. Umræður í kjölfarið snerust um það að ástæðulaust væri að vantreysta gögnunum þar sem þau væru að stóru leyti unnin beint úr opinberum gagnagrunnun og þau gögn sem kæmu frá Landsvirkjun og PCC væru unnin af þriðja aðila og sérstaklega vottuð.

Til að efla frekar traust til verkefnisins vær rætt hvort kynna mætti betur uppruna gagna og bæta kynningu til sveitarfélaga og annarra notenda. Einnig að ekki mætti hika við að birta vísa með óhagstæðum niðurstöðum og ræða mögulegar tillögur að úrbótum á þeirri stöðu.

Fundarmenn voru sammála um að leggja þyrfti sérstaka áherslu á kynningarstarf á árinu. Skilgreina þyrfti markhóp og finna leiðir til að kynna þeim verkefnið. Rætt var hvort kynna ætti verkefnið sérstaklega fyrir kennurum þar sem Gaumur er tilvalið verkfæri til STEM kennslu og bættrar samfélagsvitundar.

Að lokum var bent á að ekki megi horfa um of á notkun gagnanna í dag því gildi gagnasöfnunar til framtíðar sé afar mikilvægt. Ekki er alltaf hægt að sjá fyrir notkunargildi þess til lengri tíma og mikilvægt að hafa í huga að verðmæti gagnasafna eykst með lengra tímabili.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 11:15.